



Félagsráðgjafafélag Íslands
The Icelandic Association of Social Workers

SKÝRSLA STJÓRNAR

Starfsárið 2021-2022

Steinunn Bergmann, formaður
Anna Guðrún Halldórsdóttir, varaformaður
Hafdís Gerður Gísladóttir, gjaldkeri
Sigurlaug Hrefna Traustadóttir, ritari
Arndís Tómasdóttir, meðstjórnandi
Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, meðstjórnandi
Kristín Þórðardóttir, meðstjórnandi

Efnisyfirlit

1. Almenn um Félagsráðgjafafélag Íslands.....	3
<i>Fjöldi félagsmanna 2021</i>	3
<i>Starfsmenn Félagsráðgjafafélags Íslands.....</i>	3
<i>Áherslur stjórnar 2021-2022</i>	3
<i>Starf fagdeilda og landshlutadeilda FÍ starfsárið 2021-2022:</i>	5
<i>Starf nefnda FÍ starfsárið 2021-2022:.....</i>	5
2. Fundir og móttökur	5
<i>Fundir stjórnar</i>	5
<i>Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands 2021</i>	5
<i>Móttaka félagsráðgjafanema og samstarf við Félagsráðgjafardeild HÍ</i>	6
3. Kjara- og vinnumarkaðsmál.....	6
<i>Kjaraviðræður</i>	6
<i>Vinnumarkaðsmál.....</i>	7
4. Tímarit félagsráðgjafa	7
5. Fagpólitíkin	7
<i>Umsagnir um þingmál og frumvörp</i>	7
<i>Ályktanir og umsagnir um skýrslur og stefnumál.....</i>	9
<i>Fundir með ráðherrum, fulltrúum ráðuneyta og stjórnendum í velferðarþjónustu</i>	9
6. Erlent samstarf.....	10
<i>NSSK (Nordisk socionomers samarbets kommité)</i>	10
<i>IFSW (International Federation of Social Workers) og IFSW Europe</i>	10
7. Fræðsla og ráðstefnur.....	10
<i>FORSA2021</i>	10
<i>Félagsráðgjafaþing 2022</i>	10
<i>Rafræn fræðsla</i>	11
<i>Málþing</i>	11
<i>Morgun- og hádegisfundir</i>	11
<i>Samstarf við Endurmenntun HÍ</i>	12
8. Tillögur og áætlanir um störf félagsins 2022-2023.....	12

1. Almennt um Félagsráðgjafafélag Íslands

Fjöldi félagsmanna 2021

Alls voru félagsmenn FÍ **555** við lok árs 2021 og voru konur í miklum meirihluta eða 525 og 30 karlar (5,4%). Félagsráðgjafar með stéttarfélagsaðild voru 536 og með fagaðild voru 19.

Starfsmenn Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann formaður í 100% starfi og Eldey Huld Jónsdóttir framkvæmdastjóri í 80% starfi. Vegna undirbúnings kjaraviðræðna ákvað stjórn að hækka starfshlutfall framkvæmdastjóra tímabundið í 100%.

Áherslur stjórnar 2021-2022

Covid-19 heimsfaraldurinn hafði áhrif á starfsárið líkt og árið áður en starfsemi félagsins studdist við rafrænar lausnir á flestum sviðum. Flestir stjórnarfundir voru rafrænir, viðræður vegna stofnanasamninga og annarra kjaramála voru rafrænar, fundir með félagsmönnum og fræðsla fór einnig fram á rafrænum miðlum sem og samstarf við BHM, önnur aðildarfélag og Félagsráðgjafardeild HÍ auk þess sem starfsmenn félagsins unnu að stórum hluta að heiman. Þó lögverndun starfa félagsráðgjafa hafi náðst í október 2018, þegar ný ákvæði tóku gildi í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, fylgist stjórn áfram með auglýsingum og ráðningum í störf á grundvelli laganna. Félagið hefur í umsögnum sínum um þingmál og lagafrumvörp sem varða heilbrigðisþjónustu lagt áherslu á mikilvægi félagsráðgjafar í heilsugæslu og þverfaglegri geðheilbrigðisþjónustu. Þá kom fram þingsályktunartillaga til Alþingis í október 2020 um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum sem félagið styður við, tillagan hlaut ekki brautargengi og endurflutt í janúar 2022. Skýrsla stjórnar gefur yfirlit yfir störf félagsins en hér eru helstu verkefni dregin fram:

Stéttarfélagið. Áhersla hefur verið á eftirfylgni vegna kjarasamninga, svo sem innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar, bókanir og aðra þætti tengda kjarasamningum. Vinna hófst við að útfæra bókun 15 og bókun 8 í kjarasamningum FÍ við Reykjavíkurborg annars vegar og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar en markmiðið er að bregðast við breytingum á starfsumhverfi félagsráðgjafa, skilgreina og þróa viðmiðunarmörk fyrir umfang í störfum félagsráðgjafa til að tryggja gæði þjónustunnar. Um er að ræða sameiginlegt verkefni til að skoða hvort málavog í barnavernd sem þróuð hefur verið af hálfu Barnaverndarstofu geti nýst innan félagsþjónustu. Samstarfsnefndir skipuðu vinnuhóp með tveimur fulltrúum hvers aðila sem halda utan um vinnuna sem er ætlað að ljúka í september 2022. Hópur félagsráðgjafa sem starfar á mismunandi sviðum innan félagsþjónustu vinnur að þróun mælitækis sem nokkur sveitarfélög hafa prófað og veitt endurgjöf. Starfsmat hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélagunum er viðvarandi verkefni þar sem ný störf koma til eða eldri störf endurmetin en meðal annars er unnið að því að útfæra nýtt starfsheiti *skólafélagsráðgjafi* í starfsmati sambands íslenskra sveitarfélaga. Á starfsárinu var gerður nýr stofnanasamningur við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og við Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Stofnanasamningur við Reykjalund sem er sameiginlegur með þremur öðrum heilbrigðisstéttum innan BHM var endurskoðaður auk þess sem lokið var við endurskoðun stofnanasamnings við Landspítala sem hófst árið 2020. Hafin er endurskoðun stofnanasamnings við Sjúkrahúsið á Akureyri og

óskað hefur verið eftir viðræðum um nýjan stofnanasamning við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Þá leituðu félagsmenn eftir liðsinni varðandi ýmiss mál.

Sýnileiki félagsráðgjafar. Áhersla hefur verið á umsagnir um þingmál og frumvörp auk funda með ráðherrum og stjórnendum í velferðarþjónustu. Haldið var málþing um ofbeldi í október 2021 sem var einnig sent út í streymi bæði í gegnum miðla félagsins og visir.is. Haldinn var rafrænn morgunfundur í tengslum við Alþjóða mannréttindadaginn um mannréttindi þeirra sem glíma við áfengis- og/eða vímuefnavanda, geðröskun og heimilisleysi eða eru í áhættu fyrir að lenda þar. Á Alþjóðadag félagsráðgjafar 15. mars 2022 var vinnustofa síðanefndar um nýja grein í siðareglum FÍ sem snýr að málsvarahlutverki félagsráðgjafa. Jafnframt ritaði formaður grein sem var birt á visir.is til að vekja athygli á deginum, skilaboðum félagsráðgjafa á heimsvísu og samstöðu félagsráðgjafa gegn stríði, ákalli um samtal og stuðningi við félagsráðgjafa og aðra íbúa Úkraínu innrásar Rússa í landið, málefningu var fylgt eftir á Facebook síðu FÍ. Félagsráðgjöf hlaut talsverða umfjöllun fjölmiðla á árinu, en um var að ræða greinaskrif og viðtöl við fjölmiðla auk yfirlýsinga og áskorana, s.s. í tengslum við alþjóðlegan baráttudag kvenna og stuðning við Úkraínu. Félagið keypti umfjöllun í aukablaði Fréttablaðsins um endurnæfingu 3. september 2021, öldrun 27. september 2021 og velferðarmál 3. mars 2022. Stjórn ákvað að leita til almannatengslafyrirtækis til að auka fjölmiðlaumfjöllun í tengslum við Félagsráðgjafaping 2022 og var formaður FÍ gestur Mannlegabáttarins á rás 1 28. febrúar 2022. Þá hefur formaður lagt áherslu á að taka þátt í viðburðum á sviði velferðarmála til að auka sýnileika félagsins og var meðal annars í pallborði á málþingi Velferðarvaktarinnar 15. mars 2022 þar sem kynnt var ný skýrsla um brottfall nemenda úr framhaldsskólum.

Efla starf fagdeilda og aukin áhersla á fræðslu á vegum FÍ. Boðið var upp á rafræna fræðslu með Herman Mönnink í apríl og maí 2021 um áfallavinnu félagsráðgjafa. Stjórn fundaði með fagdeildum í október 2021 þar sem farið var yfir starfsemi fagdeildanna og fræðsluáætlun. Stjórn fór jafnframt yfir starfsreglur deilda og nefnda. Staðið var að málþingi um ofbeldi í samstarfi við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands (HÍ) og nokkrar fagdeildir, þátttakendur voru 120 í sal og 100 í streymi en málþinginu var streymt í gegnum visir.is og er áfram aðgengilegt á Facebook síðu FÍ. Rafrænn morgunfundur á alþjóðlega mannréttindadeginum þann 10. desember 2020 var í samstarfi við fagdeild í áfengis- og vímuefnamálum undir yfirskriftinni *Mannréttindi fyrir alla*. Fagdeild í skólafélagsráðgjöf var með rafrænan hádegisfund 29. nóvember 2021 um innleiðingu nýrra laga um samþættingu í þágu farsældar barna og stuðning við börn í skólum 21. febrúar 2022. FÍ styður áfram við innleiðingu Signs of Safety innan barnaverndar í samstarfi við Barnaverndarstofu, Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands en Starfsþróunarsetur háskólamanna hefur gefið vilyrði fyrir því að styrkja verkefnið.

Félagsráðgjafaping. Það voru mikil vonbrigði að samkomutakmarkanir komu í veg fyrir að Félagsráðgjafaping yrði haldið í óbreyttri mynd þann 18. febrúar 2022 á Hótel Hilton Nordica. Ákveðið var að skipta þinginu upp og vera rafræna dagskrá með lykilyfirlestrum 18. febrúar en fresta málstofum til 13. maí þannig að mögulegt væri að taka á móti allt að 500 manns á Hótel Hilton Nordica. Yfirskrift þingsins var *Félagsráðgjöf: farsæld, samþætting og sjálfbærni*. Rafræna dagskráin tókst vel en alls fylgdust 207 með útsendingunni, hún er aðgengileg á facebook síðu félagsins.

Starf fagdeilda og landshlutadeilda FÍ starfsárið 2021-2022:

Fagdeildirnar eru mjög mikilvægar í öllu starfi félagsins. Markmiðið er að fagdeildir standi árlega fyrir fræðsluviðburði/um og haldi erindi á Félagsráðgjafabingi. Einnig eru fagdeildirnar flestar með Facebook hóp til að halda utan um starf sinnar deildar, kynna viðfangsefni hennar fyrir félagsmönnum og efla umræðu á viðkomandi málavíði. Fagdeildir geta fengið aðstoð frá skrifstofu við að undirbúa fræðslufundi og sækja um styrk til Starfsþróunarseturs vegna þeirra.

Innan félagsins starfa 12 fagdeildir en virkni innan þeirra hefur verið mismunandi mikil á starfsárinu. Fagdeildir í áfengis- og vímuefnamálum, barnavernd, félagsþjónustu, fræðslu- og skólafélagsráðgjöf, fjölmenningu, heilbrigðisþjónustu, málefnum fatlaðra og öldrunarmálum komu að undirbúningi málþings sem var haldið í október 2021 á Hótel Natura og í streymi undir yfirskriftinni *Ofbeldi snertir allt samfélagið*. Fagdeild áfengis- og vímuefnamálum kom að morgunfundi FÍ á Alþjóða mannréttindadaginn og fagdeild í skólafélagsráðgjöf stóð fyrir hádegisfundum í nóvember 2021 og febrúar 2022. Nokkrar fagdeildir hafa komið að gerð ályktana og umsagna á vegum félagsins auk eftirfylgni með þeim, svo sem með þátttöku á fundum og fjölmiðlaumfjöllun en nánari upplýsingar um störf fagdeilda eru í skýrslum þeirra á heimasíðu félagsins. Landshlutadeildirnar eru fimm; Suðurland, Norðurland, Austurland, Vesturland og Suðurnes. Þær hafa ekki verið virkar síðast liðin ár en deildin á Suðurlandi hittist á starfsárinu og er með áform um að að blása lífi í deildina.

Starf nefnda FÍ starfsárið 2021-2022:

Í Félagsráðgjafafélagi Íslands eru tvær fastanefndir, siðanefnd og vísindanefnd. Siðanefnd kynnti endurskoðaðar siðareglur félagsins á aðalfundi 2021 og voru þær gefnar út í kjölfarið og býðst félagsmönnum að nálgast nýjar siðareglur á skrifstofu FÍ. Einnig fjallaði Siðanefnd um nokkur erindi sem vísað var til nefndarinnar. Siðanefnd stóð fyrir vinnustofu á Alþjóðadegi félagsráðgjafar 15. mars 2022 sem tókst afar vel og gefur tilefni til áframhaldandi samtals innan stéttarinnar. Verkefni Vísindanefndar fólust í umsýslu með umsóknir og úthlutun styrkja úr B-hluta sjóðsins auk greiðslu A-hluta í samstarfi við skrifstofu félagsins. Fjórar umsóknir félagsráðgjafa hlutu styrk B-hluta Vísindasjóðs. Í skýrslu nefndanna má sjá yfirlit yfir störf þeirra á starfsárinu.

2. Fundir og móttökur

Fundir stjórnar

Stjórn fundar að jafnaði mánaðarlega á fimmtudögum, tvo tíma í senn. Einnig hefur stjórn samskipti í gegnum síma og tölvupóst varðandi einstaka málefni. Það voru haldnir 13 stjórnarfundir á þessu starfsári, flestir voru einungis rafrænir. Starfsdagur stjórnar var haldinn 26. ágúst 2021.

Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands 2021

Aðalfundur Félagsráðgjafafélags Íslands var haldinn rafrænt á Alþjóðadegi félagsráðgjafar 16. mars 2021 í Borgartúni 6. Alls tóku 19 félagsráðgjafar þátt í fundinum, flestir rafrænt. Á fundinum voru skýrslur stjórnar og nefnda lagðar fram, ársreikningar félagsins kynntir auk fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar. Kosið var í þrjár stöður í stjórn félagsins. Tveir stjórnarmenn gáfu kost á sér til endurkjörs og barst eitt annað framboð og þrír fulltrúar í stjórn því sjálfkjörnir. Kosið var í allar stöður í Vísindanefnd og Siðanefnd til tveggja ára á aðalfundi

2020. Tillögur að lagabreytingum voru samþykktar en einungis var um að ræða orðalagsbreytingar og uppfærslur í nokkrum lagagreinum. Lagt var til óbreytt stéttarfélagsgjald 1,2%.

Móttaka félagsráðgjafanema og samstarf við Félagssráðgjafardeild HÍ

Félagssráðgjafafélag Íslands leggur áherslu á tengsl við nemendur í félagsráðgjöf og kemur formaður inn í kennslu félagsráðgjafanema sem eru að fara að útskrifast til að kynna félagið og starfsemi þess. Hefur þessi kynning á félaginu gefið góða raun og skila flestir nýútskrifaðir félagsráðgjafar sér inn í félagið að útskrift lokinni. Árlega býður Félagssráðgjafafélag Íslands útskriftarnemum úr Félagssráðgjafardeild við Háskóla Íslands (HÍ) í móttöku þar sem þeir undirrita meðal annars eiðstaf félagsráðgjafa. Móttakan var haldin 16. júní 2021 í Borgartúni 6 þar sem stór hluti nema mættu ásamt kennurum deildar, starfsþjálfunarkennurum og stjórn FÍ.

Félagssráðgjafabing og fleiri fræðslufundir eru unnir í samstarfi félags og deildar auk þess sem formaður FÍ og deildarforseti Félagssráðgjafardeildar HÍ eru í reglubundnu samstarfi. Formaður og varaformaður FÍ hafa verið í sambandi við stjórn Faró nemendafélags félagsráðgjafanema við HÍ vegna samstarfs um kynningar á félagsráðgjöf á háskóladeginum. Í byrjun árs 2021 var leitað til félagsráðgjafa vegna þátttöku í myndböndum til kynningar á háskóladeginum en félagið hefur óskað eftir að fá aðgang að myndböndunum til að birta á samfélagsmiðlum félagsins. Faró hefur ekki náð að ljúka við gerð myndbandanna.

3. Kjara- og vinnumarkaðsmál

Kjaraviðræður

Kjarasamningar við ríki, Reykjavíkurborg og sveitarfélög voru undirritaðir á árinu 2020 og gilda til 31. mars 2023. Unnið hefur verið að útfærslu og eftirfylgni vegna bókana í samstarfi við önnur félög innan BHM en einnig bókanir sem eingöngu eiga við um FÍ. Þar má sérstaklega nefna að undirritað hefur verið samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga um greiðslur vegna áfanga að sérfræðileyfi og vinna er hafin vegna málavogar í félagsþjónustu. Þá var undirritaður samningur við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu sem er samhljóða samningi við ríkið. Á starfsárinu var einnig undirritaður sameiginlegur samningur 15 aðildarfélaga BHM við Samtök atvinnulífsins sem er ótímabundinn en gildir frá 30. júní 2021.

Starfsmat og stofnasamningar

Starfsmat hjá Reykjavíkurborg og sveitarfélögunum er viðvarandi verkefni þar sem ný störf koma til eða eldri störf endurmetin. Unnið er að því í samvinnu við fagdeild skólafélagsráðgjafa, að stofnað verði nýtt starf „skólafélagsráðgjafi“ hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Fjórir stofnasamningar voru undirritaðir á starfsárinu, þ.e. nýr samningur FÍ við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, endurskoðaður samningur FÍ og þriggja annarra heilbrigðisstétta innan BHM við Reykjalund, endurskoðaður stofnasamningur við Landspítala og og nýr samningur FÍ við Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Endurskoðun stofnasamnings FÍ við Sjúkrahúsið á Akureyri er yfirstandandi auk þess hefur verið óskað eftir viðræðum um nýjan stofnasamning við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Vinumarkaðsmál

Mikil eftirspurn hefur verið eftir félagsráðgjöfum en reglulega berast félaginu beiðnir um að auglýsa störf félagsráðgjafa laus til umsóknar, einnig stjórnendastörf. Hvetur stjórn félagsráðgjafa til þess að sækja um stjórnendastöður þar sem félagsráðgjöf er megininntak starfs svo stéttin hverfi ekki úr stjórnun í félagsþjónustu og barnavernd. Stöðug aukning hefur verið á auglýsingum eftir félagsráðgjöfum og margir nýta sér að auglýsa í gegnum félagið. Félagsmenn eru hvattir til þess að fylgjast með atvinnuauglýsingum og koma á framfæri við félagið svo hægt sé að deila þeim á Facebook síðu þess hafi vinnuveitandi ekki óskað eftir auglýsingu frá félaginu. Jafnframt eru félagsmenn hvattir til að halda vöku yfir stöðum þar sem auglýst er eftir ráðgjafa en ekki félagsráðgjafa þar sem félagsráðgjöf er meginverkefni starfs, svo félagið geti sent athugasemdir til vinnuveitandans. Talsvert er um að félagsmenn leiti til félagsins með margvísleg málefni er varðar túlkun á kjarasamningi og vinnuáðstæður.

4. Tímarit félagsráðgjafa

Ritstjórn Tímarits félagsráðgjafa er skipuð tveimur ritstjórum, dr. Jóna Margrét Ólafsdóttir er ritstjóri ritrýndra greina og Eldey Huld Jónsdóttir ritstjóri annars efnis. Með þeim í ritstjórn er Chien Tai Shill, félagsráðgjafi. Auglýst hefur verið eftir öðrum ritstjórnarfulltrúa en engin gefið kost á sér. Steinunn Bergmann, formaður FÍ er ábyrgðarmaður tímaritsins. Hefur ritstjórn lagt áherslu á að efla þátttöku félagsmanna í ritun þess með birtingu almennra greina, stuttra fréttu og greina af vettvangi félagsráðgjafar. Hefur gengið vel að fá inn efni í tímaritið eins og fyrri ár. Dregið hefur úr prentuðu upplagi tímaritsins sem er eftir sem áður aðgengilegt á vefsíðu þess: www.timaritfelagsradgjafa.is.

5. Fagpólitíkin

Umsagnir um þingmál og frumvörp

Stjórn FÍ leggur áherslu á að skrifa umsagnir um þingmál og frumvörp til laga sem félaginu berast. Umsagnarbeiðnir berast oft með mjög litlum fyrirvara og er markmiðið að búið sé að koma þeim í farveg innan þriggja daga þar sem oft á tíðum þarf að leita þekkingar út fyrir stjórn félagsins auk þess sem það er stefna stjórnar að virkja fleiri félagsráðgjafa á þessum fagpólitíska vettvangi. Leitar stjórn til fagdeilda með ritun umsagna og eftirfylgd þeirra á fundum málefnanefnda Alþingis ef málefnið snertir sérsvið þeirra. Einnig er kallað til félagsmanna vegna einstakra mála.

Umsagnir hafa verið skrifaðar á starfsárinu um eftirtalin þingmál og lagafrumvörp:

- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 850 - 504. mál. – formaður tók þátt í fundi allsherjar- og menntamálanefndar 10. mars ásamt fulltrúa fagdeildar í áfengis- og vímuefnamálum.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, nr. 83/2003 (samþætting þjónustu, hlutverk o.fl.). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 941 - 561. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stuðnings við smærri innlenda áfengisframleiðendur (áfengisgjald, sala á framleiðslustað). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 826 - 495. mál.

- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um nýja þýðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. 151. Löggjafarþing 2020/2021. Þingskjal 960 – 568. mál. Stjórnartillaga.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 15/2016 (samfélagsþjónusta og reynslulausn). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 961 - 569. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu drengja í skólakerfinu. 151. Löggjafarþing 2020/2021. Þingskjal 820 – 489. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands vegna tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030. 151. Löggjafarþing 2020/2021. Þingskjal 1108 – 645. mál. Stjórnartillaga.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, og framhaldsskóla, nr. 92/2008 (fagráð eineltismála). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 1195 – 716. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 1189 - 710. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (réttarstaða brotþola, fatlaðs fólks og aðstandenda). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 1179 - 718. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (barnaverndarþjónusta, samþætting o.fl.). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 1221 – 731. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (afnám skerðinga ellilífeyris vegna atvinnutekna). 151. Löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 1117 - 650. mál.
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um nýja velferðarstefnu fyrir aldraða. 151. Löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 1199 - 720. mál.
- Umsögn við frumvarp til fjárlaga 2022. 152. löggjafarþing 2021–2022. Þingskjal 1 – 1. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 (afglæpavæðing vörslu neysluskammta). 152. löggjafarþing 2021–2022. Þingskjal 24 – 24. mál.
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um samúðarpreyту og tillögur að úrræðum. 152. löggjafarþing 2021-2022. Þingskjal 341 – 241. mál.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993 (gjafsókn). 152. löggjafarþing 2021-2022. Þingskjal 333 - 233. mál.
- Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.). 152. löggjafarþing 2021-2022. Þingskjal 558 - 389. mál. Stjórnarfrumvarp.
- Umsögn við tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum. 152. löggjafarþing 2021-2022. Þingskjal 374 – 267. mál.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við drög að reglugerð um viðmið um æðri menntun og prófgráður. Mál nr. 45/2022 Birt 24.02.2022.

- Umsögn við drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030. 152. löggjafarþing 2021-2022. Þingskjal x – x. mál. Stjórnartillaga.

Í kjölfar umsagna tók félagið þátt í fjölmörgum rafrænum fundum allsherjar- og menntamálanefndar og velferðarnefndar Alþingis.

Ályktanir og umsagnir um skýrslur og stefnumál

Stjórn FÍ leggur jafnframt áherslu á að skrifa umsagnir um skýrslur og stefnumál ráðuneyta auk þess að setja fram ályktanir um álitamál. Oft á tíðum þarf að leita þekkingar út fyrir stjórn félagsins auk þess sem það er stefna stjórnar að virkja fleiri félagsráðgjafa á þessum fagpólítiska vettvangi. Leitar stjórn til fagdeilda ef málefnið snertir sérsvið þeirra.

Umsagnir, ábendingar, yfirlýsingar, ályktanir ritaðar:

- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við Hvítbók um aðlögun að loftslagsbreytingum – Drög að stefnu.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við Framtíðarsýn í geðheilbrigðismálum til 2030.
- Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands við *Drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða*.
- Yfirlýsing 10 aðildarféлага BHM gegn kynbundnu misrétti 8. mars 2022.
- Yfirlýsing Félagsráðgjafafélags Íslands þar sem hvatt er til friðsamlegra samskipta og innrás Rússa í Úkraínu fordæmd 10. mars 2022.

Fundir með ráðherrum, fulltrúum ráðuneyta og stjórnendum í velferðarþjónustu

Formaður FÍ átti rafrænan fund með Svandísi Svavarsdóttur þáverandi heilbrigðisráðherra í september 2021.

Formaður og varaformaður FÍ funduðu með Guðmundi Inga Guðbrandssyni nýjum félags- og vinnumarkaðsráðherra 22. desember 2021 þar sem farið var yfir málefni félagsins.

Formaður FÍ og Gunnlaug Thorlacius yfirfélagsráðgjafi á Landspítala (LSH) funduðu 17. desember 2022 með fulltrúum Landsráðs um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu ásamt fleiri félögum heilbrigðisstétta innan BHM til að ræða tækifæri og áskoranir á sviðinu.

Formaður FÍ fundaði með Willum Þór Þórssyni nýjum heilbrigðisráðherra ásamt Guðnýju B. Eydal deildarforseta Félagsráðgjafardeildar HÍ og Gunnlaugu Thorlacius yfirfélagsráðgjafa á Landspítala (LSH) 19. janúar 2022 til að ræða stöðu félagsráðgjafar innan LSH, menntun félagsráðgjafa og eftirspurn eftir félagsráðgjöfum.

Formaður FÍ fundaði með sérfræðingum heilbrigðisráðuneytis vegna nýrrar greinar í lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar eftir breytingar á lögnum nr. 93 8. júlí 2020 um *sjúkratryggingar (aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri gagnreyndri samtalsmeðferð)*. Ráðuneytið hefur áform um að einskorða endurgreiðslur á árinu 2022 við sálfræðiþjónustu en mun skoða aðra gagnreynda samtalsmeðferð á síðari stigum.

Óskað var eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra en áætluðum fundum var ítrekað verið frestað, meðal annars vegna COVID-19. Einnig var ítrekað óskað eftir fundi með dómsmálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra en án árangurs.

6. Erlent samstarf

NSSK (Nordisk socionomers samarbets kommité)

Félagsráðgjafafélag Íslands er aðili í NSSK, norrænum samtökum félagsráðgjafafélaga. Samtökin funda tvisvar á ári, að vori og haust, tvö ár í senn í sama landi en fundað var í Kaupmannahöfn 28. og 29. október 2021 og 7. og 8. apríl 2022. NSSK samdi við rannsóknarteymi um framkvæmd rannsóknar á vinnuumhverfi félagsráðgjafa á Norðurlöndunum en Steinunn Hrafnadóttir prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ tekur þátt í verkefninu.

IFSW (International Federation of Social Workers) og IFSW Europe

Félagsráðgjafafélag Íslands er meðlimur í IFSW og IFSW Europe en samtökin skipuleggja m.a. heimsráðstefnu félagsráðgjafa, Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa og alþjóðadag félagsráðgjafa sem fagnað er þriðja þriðjudag í mars ár hvert. Í tengslum við ráðstefnurnar eru haldnir fulltrúaráðsfundir með þátttöku aðildarfélaga.

Alþjóðasamtökin og Evrópusamtökin hafa lagt áherslu á að styðja við aðildarfélög sín vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust vegna heimsfaraldurs COVID-19 og hafa staðið fyrir fjölmörgum rafrænum fræðslufundum á tímabilinu 2020 til 2022.

Formaður FÍ tók þátt í rafrænum fundi og ráðstefnu IFSW Europe dagana 10.-16. júlí 2020 og rafrænum fundi Evrópusamtakana dagana 8. til 13. október 2021.

7. Fræðsla og ráðstefnur

FORSA2021

FÍ var aðili að norrænni ráðstefnu, FORSA2021 í samstarfi við Ís-Forsa samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf og Félagsráðgjafardeild HÍ f.h. Norrænu háskólasamtakana (NASSW). Ráðstefnan var send rafrænt frá Hótel Hilton Reykjavík 11. og 12. nóvember 2021 en átti upphaflega að vera í nóvember 2020. Ráðstefnunni var frestað vegna Covid-19 og vonir bundnar við staðráðstefnu í nóvember 2021 sem varð ekki mögulegt vegna samkomutakmarkana. Yfirskrift ráðstefnunar var *“No one will be left behind”. Social Work and Sustainability. Opportunities and Challenges for Social Work Practice, Education and Research.* Lykilfyrirlesarar voru Guðný Björk Eydal, Anna Gupta, Annamaria Campanini og Aila-Lena Matthies. Á ráðstefnunni hlaut Lára Björnsadóttir félagsráðgjafi heiðursviðurkenningu Norrænu háskólasamtakanna (NASSW) árið 2021 fyrir framúrskarandi framlag til félagsráðgjafar. Viðurkenningin er veitt annað hvert ár í tengslum við ráðstefnu NASSW og FORSA, Norræn samtök um rannsóknir í félagsráðgjöf.

Formaður FÍ flutti ávarp á ráðstefnunni auk þess að vera með málstofu ásamt Guðnýju B. Eydal deildarforseta Félagsráðgjafardeildar HÍ. Yfirskrift málstofunnar var *COVID-19: Challenges for social work in Iceland.*

Félagsráðgjafaping 2022

Ekki tókst að halda níunda Félagsráðgjafapingið 18. febrúar 2022 með hefðbundnum hætti, þess í stað var rafræn dagskrá með lykilfyrirlesurum en málstofum frestað og boðað til framhaldsþings 13. maí 2022. Yfirskrift þingsins var, *Félagsráðgjöf: farsæld, samþætting og sjálfbærni* og tókst rafræna dagskráin vel, alls fylgdust 207 skjáir með útsendingunni en hún

er aðgengileg á facebook síðu félagsins. Félagsráðgjafar söfnuðust víða saman á vinnustöðum eftir því sem sóttvarnarreglur leyfðu og voru allt að 20 félagsráðgjafar saman að horfa. Dagskráin hófst með ávarpi Ásmundar Einars Daðasonar mennta- og barnamálaráðherra sem fjallaði um mikilvægi nýrra laga um samþætta þjónustu vegna farsældar barna og innleiðingu laganna. Að loknu ávarpi formanns FÍ og tilkynningu formanns Vísindanefndar FÍ um styrkveitingar úr Vísindasjóði tóku lykilyfirlesarar við. Einn lykilyfirlesara kom hingað til lands frá Englandi en tveir voru með rafrænt erindi frá Írlandi. Fjölluðu þau meðal annars um áhrif innleiðingar *Signs of Safety* á kerfisbreytingar í þjónustu við börn og fjölskyldur í Englandi annars vegar og Írlandi hins vegar.

- **Anna Gupta**, prófessor í félagsráðgjöf Royal Holloway University of London flutti erindið: *Promoting Children's Prosperity: A Social model for protecting children and supporting families*
- **Cormac Quinlan og Sue Kane**, frá Tusla National Child and Family Agency in the Republic of Ireland flutti erindið: *The Child protection and welfare strategy*

Almannatengslafyrirtæki sá um samskipti við fjölmiðla en ekki reyndist mikill áhugi fjölmiðla á rafrænu dagskránni. Formaður FÍ var þó gestur Mannlega þáttarins á Rás1 þar sem fjallað var um þema þingsins og innleiðingu nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Leitast verður við að ná athygli fjölmiðla á málstofunum 13. maí auk greinaskrifa. Stjórn ákvað að félagsmenn FÍ fengju gjöf í tilefni þingsins, margnota innkaupapoka með áletruðu merki félagsins, sem verður afhent í tengslum við málstofur og móttöku 13. maí.

Rafræn fræðsla

Boðið var upp á námskeið í fjarfundi með Herman Mönnink höfundu bókarinnar Social Work Toolbox en hann hefur sérhæft sig í áfallavinnu og leiðum til að fyrirbyggja kulnun. Markmið námskeiðsins var að efla félagsráðgjafa í starfi þar sem lögð var áhersla á sérþekkingu félagsráðgjafa í vinnu með streitu og áföll til að auka félagslega heilsu. Kynnt var alhliða PIE-líkan (Performance, Image and Exposure) og verkfærakista sem getur gagnast félagsráðgjöfum á öllum sviðum, byggt á félags- og taugavísindum. Námskeiðið sem haldið var 12. og 19. apríl og 10. maí 2021 fékk afar góðar viðtökur félagsmanna en 68 þátttakendur voru skráðir, talsverð forföll urðu og tóku 46 félagsráðgjafar þátt í námskeiðinu.

Málþing

Þann 26. október 2021 var haldið málþing á Hótel Natura og í streymi undir yfirskriftinni *Ofbeldi snertir allt samfélagið*. Var það haldið í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ og fagdeildir FÍ í áfengis- og vímuefnamálum, barnavernd, félagsþjónustu, fræðslu- og skólafélagsráðgjöf, fjölmenningu, heilbrigðisþjónustu, málefnum fatlaðra og öldrunarmálum. Boðið var upp á fjölda erinda frá félagsráðgjöfum og samstarfsaðilum auk þess sem Hanna Cinthio rannsakandi á sviði félagsráðgjafar var með rafrænt erindi frá Svíþjóð þar sem hún fjallaði um áhrif menningar á ofbeldi. Málþingið var vel sótt en 120 mættu á staðinn og um 100 fylgdust með í streymi en streymt var í gegnum visir.is og facebook síðu félagsins þar sem upptaka er aðgengileg og áhorf komið yfir þúsund.

Morgun- og hádegisfundir

Haldin var rafrænn morgunfundur í tengslum við alþjóða mannréttindadaginn 10. desember 2021 í samvinnu við fagdeild félagsráðgjafa í áfengis- og vímuefnamálum, yfirskrift fundarins var „Mannréttindi fyrir alla“. Fyrirlesarar voru Soffía Hjördís Ólafsdóttir félagsráðgjafi,

forstöðumaður á Hringbraut 79, Helga Lind Pálsdóttir félagsráðgjafi hjá Hlaðgerðarkoti, Sigríður Ásta lögfræðingur hjá Afstöðu félagi fanga og Björn Már Sveinbjörnsson Brink félagsráðgjafi og framkvæmdastjóri Vopnabúrsins úrræðis fyrir börn. Alls voru 48 tölvur tengdar við viðburðinn en víða voru nokkrir félagsráðgjafar saman að fylgjast með. Þátttakendur í sal voru 10.

Fagdeild félagsráðgjafa í skólafélagsráðgjöf stóð fyrir rafrænum hádegisfundi 29. nóvember 2021 um innleiðingu nýrra laga um samþættingu í þágu farsældar barna þar sem Hákon Sigursteinsson formaður verkefnastjórnar um farsæld barna, Skóla- og frístundasviði og velferðarsviði Reykjavíkurborgar, kynnti þær breytingar sem borgin vinnur að með tilliti til nýrra farsældarlaga. Fagdeildin var einnig með rafrænan hádegisfund 21. febrúar 2022 þar sem dr. Sigrún Júlíusdóttir fjallaði um stuðning við börn í skólum. Alls tóku 30-40 manns þátt í hvorum fundi.

Samstarf við Endurmenntun HÍ

Endurmenntun bíður félagsmönnum FÍ afslátt af tilteknum námskeiðum í samræmi við samstarfssamning FÍ og Endurmenntunar HÍ (EHÍ) frá 2. janúar 2020. Stjórn FÍ hefur rýnt niðurstöður fræðslukönnunar sem EHÍ framkvæmdi meðal félagsmanna í febrúar 2020. Benda þær til þess að þau námskeið EHÍ sem svarendur hafa áhuga á að sækja fjalla um sálgæslu og áfallahjálp, lausnamiðaða nálgun en um helmingur, áhrif svefnleysis á heilsu og áfallastjórnun á vinnustað, núvitund, teymisvinnu og siðfræði og fagleg gildi. Spurt var um viðfangsefni sem tengjast fagsviðinu sem vekur áhuga svarenda og komu fjölmargar ábendingar um efni.

8. Tillögur og áætlanir um störf félagsins 2022-2023

Eins og skýrsla stjórnar gefur til kynna hefur Félagssráðgjafafélag Íslands staðið fyrir mörgum verkefnum á liðnu ári og heldur vinna við sum verkefni áfram á komandi starfsári, s.s. eftirfylgni vegna kjarasamninga, efling faglegrar ímyndar félagsráðgjafa og innleiðing Signs of Safety innan barnaverndar.

Félagsráðgjafabætur er orðið fastur liður í dagskrá félagsins og hefst undirbúningur fyrir þing ársins 2023 strax á vormánuðum 2022. Nefndir og deildir sem starfa innan Félagssráðgjafafélags Íslands gegna lykilhlutverki í faglegu starfi félagsins og verður lögð áhersla á að efla störf þeirra.

Kjaramálin tóku mikið rými á starfsárinu sem endra nær en áhersla var á eftirfylgni varðandi kjarasamningana, sérstaklega innleiðingu á styttingu vinnuvikunnar og bókanir vegna álags í starfi félagsráðgjafa og áföngum að sérfræðileyfi auk vinnu við stofnanasamninga og starfsmat. Áfram verður unnið að því að útfæra Málavog í félagsþjónustu í samstarfi við nokkur sveitarfélög á komandi starfsári um leið og undirbúningur kjaraviðræna hefst þar sem kjarasamningar á opinberum markaði renna út 31. mars 2023. Undanfarin tvö ár hafa verið mánaðarlegir fundir með trúnaðarmönnum og munu þeir gegna mikilvægu hlutverki í undirbúningi komandi kjaraviðræðna.

Huga þarf að innra starfi félagsins og vinnuáðstöðu starfsmanna en vegna ónógs viðhalds á húsnæðinu hefur komið upp vandi vegna myglu og því verður áfram lögð áhersla á fjarvinnu. Til skoðunar er að selja húsnæðið ef hentugt húsnæði finnst fyrir BHM. Vefsíða félagsins hefur verið endurskoðuð og verður lögð áhersla á að birta fréttir úr starfi félagsins og viðburði auk

Þess að birta efni á samskiptamiðlum. Áfram verður lögð áhersla á að starfsemi fagdeilda og landshlutadeilda.

Vinna þarf áfram með ímynd félagsráðgjafar, vinnuumhverfi og vinnuálag. Endurskoðaðar siðareglur FÍ hafa verið gefnar út en þær hafa verið rýndar í samræmi við siðareglur alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW). Leita þarf eftir áframhaldandi umræðu meðal félagsmanna um hlutverk siðanefndar og leiða til að efla málsvarahlutverk félagsráðgjafa. Formaður og framkvæmdastjóri FÍ munu áfram efna til vinnustaðafunda með félagsmönnum þar sem starfa fimm eða fleiri. Félagið tekur virkan þátt í starfsemi Bandalags háskólamanna (BHM) svo sem á formannaráðsfundum, fulltrúaráðsfundum og setu í margvíslegum nefndum á vegum þess.

Félagið mun fylgjast áfram með lagafrumvörpum, þingsályktunum og öðrum aðgerðum stjórnvalda sem snerta félagsráðgjöf, auk þess að fylgjast með innleiðingu nýrra laga um farsæld barna. Einnig verður fylgt eftir fundarbeiðnum við mennta- og barnamálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og dómsmálaráðherra. Halda þarf áfram samtali við VIRK vegna þjónustu sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa sem sinna meðferð og við Heilbrigðisráðuneytið vegna niðurgreiðslu Sjúkratrygginga Íslands á samtalsmeðferð félagsráðgjafa. Þá verður áfram stutt við innleiðingu á Signs of Safety í barnaverndarstarfi hér á landi.

Þátttaka félagsins í norrænu samstarfi NSSK heldur áfram og starfi Evrópusamtaka félagsráðgjafa (IFSW Europe) og alþjóðasamtakana (IFSW). Fundað er tvisvar á ári í norræna samstarfinu auk árlegra funda með Evrópusamtökunum en áformað er að þeir fundir verði staðfundir á starfsárinu.

Að endingu er félagsmönnum bent á að þeir geta alltaf komið hugmyndum sínum á framfæri við stjórn félagsins sem tekur þær til umfjöllunar á fundum sínum.

f.h. stjórnar FÍ

Steinunn Bergmann

formaður